

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 125/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2584/2001 frá 19. desember 2001 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 77/2002 frá 17. janúar 2002 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32001 R 2584:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2584/2001 frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB L 345, 29.12.2001, bls. 7),
- **32002 R 0077:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 77/2002 frá 17. janúar 2002 (Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 9).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 345, 29.12.2001, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 9.

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 2584/2001 og 77/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.